

# 12 SPORA FUNDIR Á VOGI

## Leiðbeiningar og reglur fyrir gesti, sem koma og halda 12 spora fundi á sjúkrastöð SÁÁ, Vog;

Samkomulag dagskrárstjóra og umsjónarmanns AA og GA funda á Vog.

1. GA fundir á Vog eru ekki og geta aldrei verið venjulegir deildarfundir, þar sem er að ræða sjúkrahús. Þessir fundir eru haldnir í samvinnu sjúkrahússins og GA samtakanna. Ákveðnar reglur, sem settar eru af viðkomandi meðferðastofnun, gilda um þessa fundi og það fólk sem heldur þá.
2. Gestir, þ.e. það GA fólk, sem kemur á Vog til að halda og leiða fundi, skulu ekki vera fleiri en 2 hverju sinni. Ef að gestir eru fleiri en 2, er hætt á að upp komi tortryggni eða ótti í sjúklingahópin og þeim getur fundist þeir verða óöruggir á Vog. Þess verður að gæta að komi ekki upp trúnaðarbrestur og nafnleyndin skal ætíð í hávegum höfð. Það er gott að tveir gestir séu á fundinum, annar opni fundinn og hinn slíti fundinum.
3. Þeir sem leiða og slíta fundum þurfa að halda þeim tíma í lágmarki, sem þeir tileinka sér. Hæfilegt er að opnun fundar **taki 10-15 mín. og fundaslit taki 5-10 mín., þannig að gestir noti aldrei meira en 20 mín. af fundinum**. Þessi regla er sett í ljósi þess að verið er að halda fundi í sjúklingahóp, sem er ekki í tilfinningalegu né líkamlegu jafnvægi.
4. GA folk, sem kemur til að halda fundi á Vog þarf að gæta að framkomu sinni, klæðaburði og allri hegðun inni á stofnunni. Mælt er til þess að fólk leggi sig fram um að vera alúðlegt og vinsamlegt í framkomu, klæðaburður sé ekki ögrandi og gestirnir reyni að blanda geði við sjúklinga eftir fund, dreifa sér á borðin í matsalnum, en hnappi sér ekki saman í lokaðan hóp, sem sjúklingarnir þora ekki að nálgast.
5. Aðstandendur Vogs áskilja sér allan rétt til að hafa áhrif á það hverjir koma og halda GA fundi á stofnunni. Það er sameiginlegur hagur stofnunarinnar og GA samtakanna í heild að framkoma og hegðun gesta, sem halda fundi, raski ekki á nokkurn hátt því starfi sem fram fer daglega á Vog. Því miður hefur það komið fyrir að gestir sem halda fundi, hafa ekki gert sér grein fyrir að um sjúkrahús er að ræða og sjúklinga, sem hvorki eru í líkamlegu né sálrænu jafnvægi og því mjög viðkvæmir. Það er fyrst og fremst starfsfólks meðferðarstofnunarinnar að meta það hvort viðkomandi einstaklingur sé æskilegur til að halda fundi inni á stofnunni.

# **ATH. AÐ ÞETTA ER SJÚKRASTOFNUN ÞAR SEM FÓLK ER MJÖG VEIKT OG ÞOLIR ILLA SPENNU, ÞARF ALÚÐ OG VARFÆRNI FYRST OG FREMST.**

Þeir gestir sem koma og halda GA fundi á Vogu skulu hafa verið frá fjárhættuspilum í a.m.k. 6 mánuði, sæki GA fundi og séu í góðum bata.

Sömu aðilar geta verið með GA fundi í Vogu í allt upp í 2 ár, en þá komi nýir í staðinn. Þetta á einnig við um ábyrgðarmenn hvers kvölds.

Mæta skal tímanlega fyrir fund (a.m.k. 20 mín.).

Starfsfólk Vogs verði frætt meira um tilhögun fundanna en verið hefur, enda séu upplýsingar ætíð fyrir hendi. (Hver er umsjónarmaður fundanna og ábyrgðarmaður viðkomandi kvölds).

Ef eitthvað fer úrskeiðis á fundunum, verður að láta umsjónarmann vita strax, svo hægt verði að gera viðeigandi ráðstafanir.

Náið samstarf verði með umsjónarmanni og dagskrárstjóra t.d. mánaðarlegir fundir eða oftari, ef þurfa þykir.

Umsjónarmaður mun hafa folk, sem er reiðubúið að fara með fund, ef um forföll verður að ræða, enda sé dagskrárstjóra kunnugt um hvaða aðila er að ræða.

(Þessi listi ætti einnig að vera á Vogu, þannig að starfsfólk gæti náð í AA fólk í forfallatilfellum).

## **AÐ GEFNU TILFNI**

**Gestum sem koma með GA-fundi er óheimilt að vera með kaffi utan matsals og kaffistofu og mega ekki fara út að reykja.**

**Gestum sem koma með GA-fundi er óheimilt að veita sjúklingum símanúmer eða bjóða sig fram sem trúnaðarmann/-konu inni á sjúkrahúsinu.**

**Gestum sem koma með GA-fund er óheimilt að koma með GSM-síma inn á sjúkrahúsið.**

**Gestir skulu skrifa í þar til gerða bók, nafn símanúmer og dagsetningar eftir fundi.**